

En þegar þessar skeytasendingar spurðust til Danmerkur urðu dönsk blöð ókvæða við og þutu „upp til handa og fóta“. Vildu þau að danska stjórnin sneri sér til ráðherra Íslands, Hannesar Hafsteins er staddur væri í Kaupmannahöfn og krefðist að hann hlutaðist til um að virðing Danmerkur yrði ekki fyrir borð borinn í þessum efnunum af hendi Íslendinga. En það fylgir sögunni að danska stjórnin hafi verið þess ófús og að líkindum hefði og Hannes Hafstein tekið þvert fyrir um slíka málaleitun.

### Úr höfuðstaðnum.

Trúlofuð eru Gunnlaugur Claessen læknir og ungrú Þórdís Björnsdóttir (Jenssonar kennara.)

Bæjarverkfræðingurinn Benedikt Jónasson hefir sagt af sér starfi sínu og hefir bæjarstjórnin engan verkfræðing fengið til að gegna því næsta ár, en falið þeim Guðm. Ólsen kaupm. slökkvistjórnina og Hirti Hjartarsyni byggingaefirtilitið er bæjarverkfræðingurinn hafði á hendi.

Guðbr. Magnússon sambandsstjóri U. M. F. Í. flytur frá Rvík um þessar mundir alfarinn austur að Holti undir Eyjafjöllum og byrjar þar búskap. Guðbr. hefir verið mjög áhugasamur og starfsamur fyrir ungmennafélögin.

Guðm. Magnússon prófessor er lór til útlanda s. l. haust, ásamt konu sinni, sér til heilsubótar, er nú kominn heim aftur og er alheill orðinn. Var þeim hjónum fagnað með samsæti er þau komu til Reykjavíkur.

Aðalfundur Íslandsbanka verður haldinn í Rvík 2. júlí. Á dagskrá stendur meðal annars: »Aukning seðlaútgafuréttar, ef til kemur.«

Helgi Helgason tónskáld er fluttur til Rvíkur alkominn frá Ameríku og hefir þegar gefið út tvö sönglög, annað við »Vorsöng« H. Hafsteins en hitt við »Gunnarshólma« Jónasar og þykir mjög mikið til þeirra koma.

### Akureyri.

Gjafasjóður Chr. Johnason er eins og áður hefir verið getið hér í blaðinu stofnaður af gefandanum til jólagjafa handa fátækum börnum á Akureyri. Eins og reikningur sjóðsins (sjá síðar) sýnir, hefir þegar verið varið 50 kr. til jólaglaðnings (fatagjafa) handa börnum árið sem leið, og var sjóðurinn þó stofnaður í fyrrasumar. — Kl. Jónsson landritari verður formaður sjóðsins æfilangt samkvæmt beiðni gefandans.

Björn Lindal yfirdómslögmaður hefir keypt verzlunar og búðarhúsið í Strandgötu 11 á Oddeyri.

Sigurður Fannal er síðustu árin hefir verið verzlunarstjóri Gránulélagssins í Haganesvík flutti hingað til bæjarins ásamt konu og börnum, með »Ingolf« og ætlar að reka hér greiðasölu og gistihús. Hefir hann tekið á leigu húseign Boga Daníelssonar, ásamt hesthúsi og útihúsum í því augnamiði.

Haraldur Jóhannesson úrsmiður hefir gvalið erlendis nokkuð undanfarið til

að fullnema sig í iðn sinni og er nú nýkominn heim aftur.

Nýjan veg er verið að leggja norður Oddeyrartanga austan við Ósinn og á þar að heita Sjávargata.

EIS »Pollux« (Togstad) kom á þriðjudaginn. Meðal farþega hingað: Ungfrú Ásdís Guðlaugsdóttir símritari, ungrú Ástríður Hafstein (ráðherra), Aan Stangeland og Gísli Magnússon (Gíslason & Hay) verzlunarerindrekar, Jóhannes Stefánsson verzlunarm. o. fl. Héðan fór m. a. til Seyðisfjarðar frú Hedvig Skaptason, snögga ferð.

Í gagnfræðaskólanum er ársprófi nýlega lokið. Gengu 73 undir prófið 42 í 2. bekk og 31 í 1. bekk. — Burtfararpróf stendur nú yfir. Eru þeir 43 er undir það ganga, 5 fleiri en nokkru sinni áður. — 4 gengu inn í 1. bekk. Alls eru þá nemendur 120 er próf taka að þessu sinni í gagnfræðaskólanum. — Prófdómendur af stjórnarinnar hálfu við purtfararprófið eru þeir Bjarni Jónsson útbússtjóri og Steingrímur héraðslæknir Matthíasson.

Guðm. Bildahl frá Siglufirði er kominn til bæjarins og byrjaður að undirbúa vatnsveituskurðgröftinn. Hann kveðst »hvergi smeikur hjörs í þrá« þótt illa ári og kærir sig kollóttan um allar hrakspár en tekur ótrauður til starfa.

Aðkomumenn síðustu daga: Helgi kaupmaður Hafliðason, Guðm. Hafliðason verzlunarstjóri og frú hans, frú Kristín Hafliðadóttir, ungrú Ólöf Hafliðadóttir, öll frá Siglufirði, Árni Árnason h.eppstjóri á Rautarhöfn, Jón Bergsson kennari í Ólafsfirði.

Harðindin. Alla þessa viku hefir verið frost og oft hríð. Á uppstigningardag stórhrið. Unglambadauði þó líttill enn þá, þaðan sem frézt hefir, og má stórmerkilegt heita. Sýnir það að bændur hafa sett vel á í haust og er það þeim drýgra til bjargráða en nokkur hallærissjóður. Árni Árnason á Rautarhöfn segir »Ni« að þar nyrðra hafi verið jarðlaust fyrir sauðfé um síðustu helgi og Þorsteinn Jónsson í Ólafsfirði segir að þar ytra sé enn gaddur nær því niður að sjó. — Tæpast hafa fellivetrarnir gömlu verið harðari en þessi sem almanakið segir að nú sé að kveðja, en sem enn þá heldur öllu í jökulklóm samt sem áður.

### Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Chr. Johnason árið 1913.

TEKJUR:

1. Afhent af Chr. Johnason kr. 3000.00
  2. Ágóði af keyptum bankavaxtarbréfum . . . . . 170.50
  3. Vextir af sparissjóðsinnstæðu . . . . . 0.67
- Kr. 3171.17

GJÖLD:

1. Vextir af keyptum bankavaxtarbréfum . . . . . kr. 19.38
2. Úthlutað fatnaði til fátækra barna . . . . . 50.00
3. Burðargjald . . . . . 1.04
4. Eign til n. á.
  - a. Bankavaxtarbréf . . . . . kr. 3100.00
  - b. Ísparissjóði — 0.75 — 3100.75

Samtals kr. 3171.17

Reykjavík 1. apríl 1914.

Kl. Jónsson.

# Timburfarmur.

Allar tegundir af timbri nýkomnar og verðseldar með sanngjörnu verði. Ennfremur komu miklar birgðir af ýmsum vörum með s. Forsteck, sem fólk þarf að líta á, og kynna sér verðlagið.

Oddeyri 15. maí 1914.

H<sub>F</sub> Hinar sameinuðu islenzku verzlunir.

## Einar Gunnarsson.



# Tilsölu.

Á Asknesi í Mjóafirði eru alskonar brúkaðir munir efniviður og vélar til sölu, svo sem hér segir: Bjálkar, plankar, borð, bárujárn, múrsteinn, nýir ferstrendir plankar, gufukatlar, olfukatlar, járnkassar (Tanker), gufuvindur, verksmiðjubyggingar, tvö stór hús með veggjum og þökum úr bárujárni (til niðurrifs) um 40 smálestir af kolum (Cinders), beinamylna, hvalskiðavél (Bardemaskin) o. m. fl.

Alt þetta eru mjög góðir munir í góðu standi og seljast afar ódýrt.

## Prjónavélarnar.

frá Irmscher & Co. í Dresden eru taldar allra prjónavéla beztar og styðst það álit við margra ára ágæta reynslu. Almenningi er orðið það ljóst, að það margborgar sig að kaupa góða prjónavél, þótt hún sé nokkru dýrari en þær, sem lakar reynast.

Irmscher prjónavélarnar er altaf hægt að panta hjá Hallgr. Kristinssyni kaupfélagsstjóra á Akureyri.

### Vinnuhjáaverðlaun

voru veitt 29 vinnuhjúum í vor — flestum á Suðurlandi. Engin umsókn um verðlaunin kom úr Eyjafjarðar-, Þingeyjar- eða Norður-Múlasýslum. — Mun það stafa af því, að Búnaðarfélagið auglýsir fyrirætlanir sínar aðeins í Reykjavíkurbliðunum sem vitanlega eru aðallega lesin á Suðurlandi. En má ske lítur stjórn Búnaðarfélagsins svo á, að félagið starfi aðallega fyrir Suðurland, þótt starfsféð fái það úr landssjóði?

### Byggingabréf.

Húsaleigusamningar,  
Hjúasamningar,  
fást í prentsmiðju  
Odds Björnssonar.

Bezt allra Borgar ætíð rúkuð ísl. frímerki  
Finnur Jónsson,  
ósthúsinu á Akureyri.

Séra Sigurður Stefánsson albm. í Vigur, tekur þingmenn til bænar, o: prédikar í dómkirkjunni, þegar alþingi verður sett í sumar.

### Prófastur

í Húnavatnssýslu er skipaður séra Bjarni Pálsson á Steinnesi.

### Hafis,

Í gær komu tvö hvalveiðaskip inn á Siglufjörð og sögðu að þéttur hafíshroði væri á að giska tvær mílur undan Siglunesi.